

Nefndarálit

um frumvarp til laga um byggingarvörur.

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Nefndin fékk á sinn fund Steinunni Fjólu Sigurðardóttur og Hafstein Pálsson frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Benedikt Jónsson og Ingibjörgu Halldórsdóttur frá Mannvirkjastofnun. Einnig fékk nefndin á sinn fund Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Ferdinand Hansen frá Samtökum iðnaðarins, Eirík Rögnvaldsson frá Íslenskri málnefnd og Óskar Örn Jónsson frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Nefndinni bárust umsagnir frá Íslenskri málnefnd, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Vegagerðinni. Einnig barst nefndinni sameiginleg umsögn Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu.

Tilgangur frumvarps þessa er innleiðing og framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara sem samþykkt var af Evrópusambandinu 9. mars 2011. Reglugerðinni er ætlað að koma í stað tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um sama efni, en áður hafði tilskipunin verið innleidd með reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994. Frumvarpinu er að auki ætlað að leysa að mestu af hólmi VIII. kafla laga nr. 160/2010, um mannvirki, en einnig eru gerðar breytingar á lögum nr. 75/2000, um brunavarnir.

Nefndin telur að mikilvægt sé við innleiðingu á reglugerðinni að gætt verði yfstrustu hagkvæmni og útfærsla miðuð við eðli og stærð markaðarins hér á landi.

Við umfjöllun um frumvarpið kom fram að slakað hefði verið nokkuð á kröfum um að leiðbeiningar og upplýsingar væru á íslensku. Í 4., 10. og 13. gr. frumvarpsins kemur þetta sérstaklega til álita. Í 4. gr. segir: „Yfirlýsing um nothæfi byggingarvöru skal lögð fram á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.“ Í 10. gr. er fjallað um að allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg séu skuli vera á íslensku eða öðru tungumáli sem Mannvirkjastofnun samþykki. Þá segir í 13. gr.: „Þegar byggingarvara er boðin fram á markaði skulu framleiðendur, innflytjendur og dreifendur sjá til þess að vörunni fylgi leiðbeiningar um notkun og upplýsingar um öryggi á íslensku eða ensku. Ráðherra er þó heimilt með reglugerð að ákveða að leiðbeiningar um notkun eða upplýsingar um öryggi byggingarvöru fyrir tiltekna vörur eða vöruflokka skuli vera á íslensku, með hliðsjón af notkunarsviði vörunnar og mikilvægi hennar með tilliti til grunnkrafna, sbr. 3. mgr. 4. gr.“ Nefndin telur að textinn eigi að meginreglu til að vera á íslensku en síðan megi birta hann á öðru tungumáli ef rök eru fyrir slíkri heimild. Sjálfsagt sé að leiðbeiningar um notkun og upplýsingar um öryggi séu á íslensku. Tekur nefndin undir ábendingar íslenskrar málnefndar sem vísaði í umsögn sinni í íslenska málstefnu sem Alþingi samþykkti 12. mars 2009, en aðalmarkmið málstefnunnar er „að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags“. Þar sem um mjög hættulega vöru getur verið að ræða er lagt til, eins og að framan greinir, að meginreglan verði sú að texti merkinga skuli vera á íslensku. Nýti ráðherra sér heimild til að kveða á um annað í reglugerð er gert ráð fyrir að merkingar verði þá á ensku eða Norður-

landamáli öðru en finnsku. Hins vegar er ljóst að þetta verða undantekningartilvik, t.d. gæti þetta átt við þar sem almenn, víðtæk þekking og reynsla er fyrir hendi á notkun vörunnar og ljóst er að af vörunni stafí ekki augljós hættu eða þegar sérfræðingar nota hana vinnu sinnar vegna.

Í umsögnum nokkurra aðila voru gerðar athugasemdir við orðalag í frumvarpinu. Á fundum nefndarinnar með fulltrúum ráðuneytisins og Mannvirkjastofnunar kom fram að umrætt orðalag væri í samræmi við orðnotkun í lögum um mannvirki. Við nánari skoðun telur nefndin að breyta megi orðalagi til enn frekara samræmis við orðalag mannvirkjalaga og leggur því til breytingar á nokkrum greinum. Einnig tekur hún undir nokkrar tillögur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og leggur til nokkrar breytingar til að auka á skýrleika laganna.

Þá leggur nefndin til að fellt verði út ákvæði til bráðabirgða og krafan verði því sú við gildistöku laganna að tilkynntur aðili skuli hafa faggildingu. Lítur nefndin til þeirra röksemda er komu fram á minnisblaði Mannvirkjastofnunar, dags. 14. nóvember sl., en þar segir um bráðabirgðaákvæðið m.a.: „má efast um það hvort heimild ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpi til laga um byggingarvörur gengur í raun upp. Leiðin léttir e.t.v. eitthvað á ferli tilkynningar gagnvart þeim sem sækir um slíkt. Leiðin leggur hins vegar mun meiri stjórnarsýslu á herðar tilkynningarstjórnvaldinu og skapar töluverða óvissu um hvaða reglur eiga við um matið. Óvíst er jafnframt hvort til er hér á landi aðili sem getur framkvæmt slíkt mat, þannig að það uppfylli kröfur Framkvæmdastjórnar ESB.“

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku skjali.

Brynjar Nielsson og Jón Þór Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. :

Alþingi, 13. desember 2013.

Höskuldur Þórhallsson,
form., frsm.

Valgerður Bjarnadóttir.

Haraldur Einarsson.

Birgir Ármannsson.

Katrín Jakobsdóttir.

Róbert Marshall.

Vilhjálmur Árnason.